

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði og Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, hér eftir nefnt Blindrafélagið, kt. 470169-2149, Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík gera með sér eftirfarandi

Þjónustusamningur

um að Blindrafélagið taki að sér að reka ferðaðjónustu fyrir íbúa Hafnarfjarðar sem eru greindir lögblindir af Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga og geta ekki nýtt sér almenningssamgöngur vegna fötlunar sinnar.¹

1. gr.

Grundvöllur og hlutverkaskipan

Samningur þessi fjallar um ferðaðjónustu við lögblinda íbúa Hafnarfjarðar. Samningurinn byggir 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum og 20. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um ferðaðjónustu við fatlað fólk, gefnum út af velferðarráðuneytinu, og reglum Hafnarfjarðar um ferðaðjónustu fatlaðs fólks.

Hafnarfjörður tekur að sér að niðurgreiða ferðakostnað einstaklinga sem eru greindir blindir skv. 3. gr. laga nr. 160/2008 um Þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, eiga lögheimili í Hafnarfirði og eru ófærir um að nýta sér almenningssamgöngur vegna fötlunar sinnar, í samræmi við ákvæði þessa samnings.

Í samræmi við ákvæði samnings þessa tekur Blindrafélagið að sér að veita ferðaðjónustu þeim einstaklingum með lögheimili í Hafnarfirði sem eru blindir og geta ekki nýtt sér almenningssamgöngur vegna fötlunar sinnar. ~~Tilgangurinn er að gera þeim kleift að leggja stund á nám, sækja vinnu, heilbrigðisþjónustu, hæfingu og endurhæfingu og taka þátt í tómstundum.~~

Notendur ferðaðjónustu Blindrafélagsins eiga ekki rétt á að nota jafnframt ferðaðjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Afsali notandi sér rétti til notkunar á ferðaðjónustu Blindrafélagsins á hann skilyrðislausan aðgang að ferðaðjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu.

Til ferðaðjónustu samkvæmt samningi þessum notar Blindrafélagið leigubifreiðar frá bifreiðastöðvum, sem best kjör þjóða hverju sinni. Leigubifreiðarnar skulu uppfylla þær kröfur sem fram koma í gildandi lögum og reglugerðum hvað varðar farþegaflutninga og/eða leigu-bifreiðaakstur.

Blindrafélagið skal setja skilyrði um að þeir bílstjórar sem annast akstur á grundvelli samnings þessa hafi ekki hlotið refsíðóm fyrir brot á ákvæðum XXII., XXIII. eða XXIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum. Hafi bílstjóri gerst sekur um brot á

¹ Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga notar skilgreiningu um lögblindu sem byggir á viðmiðum Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar (WHO) um sjónskerðingu og blindu. Miðað er við að sjónskerpa mælist verri en 6/60 með bestu gleraugum og sjónsvið innan við 20 gráður. Í áratugi hefur það verið vinnuregla á Íslandi og í öðrum Evrópulöndum og í Norður-Ameríku að notast við þær reglur sem Alþjóða heilbrigðisstofnunin gefur út.

ákvæðum laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og/eða umferðarlögum nr. 50/1987, með síðari breytingum, skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna starfi bílstjóra.

2. gr.

Þjónustusvæði

Þjónustusvæði ferðaþjónustu samkvæmt samningi þessum er Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbær.

3. gr.

Umsóknir um ferðaþjónustu

Nýir umsækjendur skulu sækja um aðgang að ferðaþjónustu Blindrafélagsins til fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar, sem fjallar um umsóknina og ákveður fjölda ferða í samræmi við gildandi reglur um ferðaþjónustu fatlaðs fólks. Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um fyrir sína hönd. Fjölskyldu- og barnamálasviði er heimilt að óska eftir læknisvottorði þegar þörf er á nánari upplýsingum um fötlun umsækjanda. Umsókn skal metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér þjónustu almenningsvagna og/eða aðra ferðamöguleika.

Gildistími samþykkrar umsóknar skal taka mið af þörf hvers og eins. Umsækjanda ber að upplýsa fjölskyldu- og barnamálasvið Hafnarfjarðar um breytingar á högum sínum. Ef um er að ræða verulegar breytingar á högum umsækjanda eftir að umsókn hefur verið samþykkt er heimilt að endurskoða gildistíma samþykkis fyrir ferðaþjónustu.

Blindrafélagið skal gera sérstakan samning við hvern notanda um þjónustuna (sbr. fylgiskjal með samningi þessum). Blindrafélaginu er aðeins heimilt að gera samning við þá sem hafa fengið samþykki fyrir ferðaþjónustu fatlaðs fólks hjá fjölskyldu- og barnamálasviði Hafnarfjarðar og falla undir 1. gr. samnings þessa.

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá A til B innan þjónustusvæðis.

4. gr.

Skráning ferða

Blindrafélagið leggur til rafræn kort fyrir hvern notanda til notkunar í leigubifreiðunum og/eða sérstök reikningseyðublöð í samráði við fjölskyldu- og barnamálasvið Hafnarfjarðar sem bílstjóri skal nota til að skrá hverja ferð.

Í skráningunni skal koma fram dagsetning og tími ferðar, með hvern er ekið og hvert, erindi notanda, þ.e. hvort um er að ræða vinnu/nám, heilbrigðisþjónustu eða einkaerindi.

5. gr.

Tímamörk niðurgreiðslu

Ferðir sem farnar eru utan tímabilsins kl. 06:30 - 24:00 eru ekki niðurgreiddar af Hafnarfirði og skal notandi greiða þær að fullu.

6. gr.

Kostnaðarhlutdeild notenda

Blindrafélagið innheimtir af notendum þá kostnaðarhlutdeild sem í þeirra hlut kemur fyrir ferðapjónustuna. Grunnkostnaðarhlutdeild notanda skal fylgja staðgreiðslufargjaldi hjá Strætó bs. eins og það er hverju sinni.

Við útreikning á kostnaðarpátttöku notanda skal notast við kostnaðarþrep og skal fyrsta þrep vera allt að: Startgjald + 25 km á dagtaxta samkvæmt gjaldskrá leigubílastöðvar sem veitir þjónustuna á hverjum tíma.² Annað kostnaðarþrep skal vera 2.000 kr. hærra en það fyrsta, þriðja kostnaðarþrep 2.000 kr. hærra en annað og svo koll af kolli. Kostnaðarhlutdeild notanda hækkar um sem nemur einu staðgreiðslufargjaldi Strætó fyrir hvert kostnaðarþrep.

Dæmi:

Kostnaður ferðar allt að: 6.595 kr., kostnaðarhlutdeild notanda: 470 kr.

Kostnaður ferðar allt að: 6.596 kr., kostnaðarhlutdeild notanda: 940 kr.

Kostnaður ferðar allt að: 8.596 kr., kostnaðarhlutdeild notanda: 1.410 kr.

Kostnaðarhlutdeild notanda skal breytast sjálfkrafa í samræmi við breytingar á fargjöldum Strætó bs. og gildandi gjaldskrá leigubílastöðvar sem er frá 1. júlí 2018.

Fjölskyldu- og barnamálasvið Hafnarfjarðar tekur ekki þátt í niðurgreiðslu fyrir ferðir notanda utan þjónustusvæðis eða utan tímabilsins kl. 06:30 - 24:00 og skal Blindrafélagið innheimta allan kostnað vegna slíkra ferða af notanda.

7. gr.

Kostnaður Hafnarfjarðar

Hafnarfjörður greiðir kostnað vegna ferðapjónustunnar í samræmi við ákvæði samnings þessa, að frádreginni kostnaðarhlutdeild notanda, eins og hún er á hverjum tíma, og afslætti leigubifreiðastöðvar. Reikningar frá Blindrafélaginu til Hafnarfjarðar skulu vera á rafrænu formi.

Hafnarfjörður skal greiða umsýslu og þjónustugjald til Blindrafélagsins, sbr. ákvæði 3. mgr. 8. gr. samnings þessa.

8. gr.

Umsjón, eftirlit og uppgjör

Blindrafélagið annast samningagerð við notendur þjónustunnar. Samningarnir skulu vera í samræmi við ákvörðun fjölskyldusviðs Hafnarfjarðar, ákvæði samnings þessa og reglur Hafnarfjarðar um ferðapjónustu fatlaðs fólks. Jafnframt skal félagið kynna notendum þau atriði samnings þessa, sem að þeim snúa. Blindrafélagið hefur alla umsjón með þjónustunni, svo og eftirlit með henni. Hafnarfirði er heimilt að kalla reglulega eftir upplýsingum um gæði þjónustunnar.

Þá annast Blindrafélagið útreikning kostnaðar, innheimtu kostnaðarhlutdeildar notenda og ber ábyrgð á öllum greiðslum notenda.

Blindrafélaginu reiknast þjónustugjald sem nemur 25% af staðgreiðslufargjaldi fullorðinna hjá Strætó bs. fyrir hverja ferð sem farin er á vegum ferðapjónustunnar. Þjónustugjald þetta ber

² Samkvæmt gjaldskrá frá 1. júlí. 2018 spannar fyrsta kostnaðarþrep allt að: Startgjald 690 kr. + (2 km x 351 kr.) + (23 km x 242 kr.) = 6.958 kr. Sé ferð styttri en 25 km fækkar þeim kílómetrum sem greiddar eru 242 kr. fyrir, t.d. myndi 12 km ferð kosta í heild 690 kr. + (2 km x 351 kr.) + (10 km x 442 kr.) = 3.812 kr. Kostnaðarpátttaka notanda er engu að síður sú sama.

fjölskyldu- og barnamálasviði Hafnarfjarðar að greiða félaginu við mánaðarlegt uppgjör.

Mánaðarlega skal Blindrafélagið skila fjölskyldu- og barnamálasviði Hafnarfjarðar yfirliti um ferðapjónustu þá er samningur þessi tekur til, ferðafjölda, heildarkostnað, afslátt og hlutdeild farþega. Í yfirliti þessu skal glögglega skilið á milli ferða notenda sem Hafnarfjörður tekur þátt í að greiða samkvæmt ákvæðum samnings þessa og þeirra ferða sem notendum ber að greiða að fullu.

Blindrafélaginu er skylt að veita Hafnarfirði og/eða aðila sem Hafnarfjörður tilnefnir aðgang að öllum gögnum og bókhaldi varðandi ferðapjónustuna hvenær sem Hafnarfjörður óskar þess.

9.gr. Fræðsla

Blindrafélagið skal standa reglulega fyrir námskeiðum fyrir þá bílstjóra sem starfa við ferðapjónustuna. Markmið námskeiðanna skal vera að auka skilning og hæfni bílstjóranna hvað þjónustuna varðar svo að þeir verði betur í stakk búnir til að veita fyrsta flokks þjónustu við að sinna blindum notendum hennar.

10. gr. Ábendingar

Ábendingum notenda um þjónustuna skal beina til Blindrafélagsins sem síðan kemur þeim til fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar.

11. gr. Ferðapjónusta veitt öðrum en blindum

Blindrafélaginu er heimilt, að veittu samþykki fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar, að veita ferðapjónustu þeim fötluðu og öldruðu íbúum Hafnarfjarðar sem ekki falla undir skilgreiningu á notendum samkvæmt 1. gr. samnings þessa, en geta nýtt sér þjónustu venjulegra leigubíla. Um þá gilda að öðru leyti sömu reglur í þessum samningi og kveðið er á um varðandi sjónskerta og blinda og kostnaðarhlutdeild þeirra er einnig sú sama.

12. gr. Þagnarskylda

Varðveita skal með tryggilegum hætti þau gögn er varða persónulega hagi einstaklinga þannig að óviðkomandi aðilar fái ekki aðgang að þeim. Blindrafélagið er bundið þagnarskyldu um málefni einstaklinga og helst þagnarskyldan þó þjónustusamningi milli aðila ljúki.

Þeir bílstjórar sem skrá sig í ferðapjónustu Blindrafélagsins undirgangast ákvæði í samningi félagsins við Hreyfil um sams konar þagnarskyldu og að ofan greinir.

13.gr. Vanefndir og riftun

Verði uppi ágreiningur milli samningsaðila um efni samnings þessa og/eða telji aðilar samninginn vanefndan af hálfu gagnaðila, skulu Hafnarfjarðarbær og Blindrafélagið leitast við að jafna ágreining sinn.

Ef um verulegar vanefndir á efni samningsins er að ræða getur hvor aðili um sig rift honum. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr. Lögsmæt sjónarmið skulu ávallt vera skilyrði riftunar.

**14. gr.
Ágreiningsmál**

Rísi mál út af samningi þessum má bera slíkan ágreining undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

**15. gr.
Framsal samnings til þriðja aðila**

Samningsaðilum er óheimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila.

**16. gr.
Breytingar á samningi**

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi.

**17. gr.
Gildistími**

Samningur þessi gildir frá 01.01.2020 til 31.12.2023. Aðilar skulu koma saman þremur mánuðum áður en samningur þessi rennur út og taka ákvörðun um framhald hans.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

, xx. xx 2019

F.h. Blindrafélagsins

F.h. Hafnarfjarðar

Fylgiskjal

Samningur við notanda ferðapjónustu Blindrafélagsins í Hafnarfirði

Númer

Kt

Ferðapjónusta Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík, í samningi þessum nefnd FB, og

Nafn

í samningi þessum nefnd/ur notandi, gera með sér svofelldan samning:

1. gr.

Á grundvelli þjónustusamnings milli Blindrafélagsins (FB) og Hafnarfjarðarkaupstaðar um ferðapjónustu við lögblinda íbúa sveitarfélagsins tekur FB að sér að annast ferðapjónustu við notanda frá og með undirritun samnings þessa. Notanda er heimilt, meðan samningur þessi er í gildi, að panta leigubifreið frá Hreyfli/Bæjarleiðum og skrifa akstur á reikning FB. **Notandi getur nýtt rétt þennan við akstur til og frá vinnu, skóla, heilbrigðisþjónustu og til einkaerinda í hverjum mánuði í samræmi við samþykkt fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar um fjölda ferða. Tilgangur ferðapjónustunnar er að notendur komist leiðar sinnar.**

Notandi skal panta akstur í ferðapjónustunni hjá stjórnstöð Hreyfils í símanúmerið 588 5522 og tilgreina að pöntunin sé vegna FB.

2. gr.

Þjónustusvæði ferðapjónustu samkvæmt samningi þessum er Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbær.

3. gr.

Grunnkostnaðarhlutdeild notanda skal fylgja staðgreiðslufargjaldi fullorðinna hjá Strætó eins og það er hverju sinni. Við útreikning á kostnaðarþáttöku notanda skal notast við kostnaðarþrep og skal fyrsta þrep vera allt að: Startgjald + 25 km á dagtaxta samkvæmt gjaldskrá leigubílastöðvar sem veitir þjónustuna á hverjum tíma.³ Annað kostnaðarþrep skal vera 2.000 kr. hærra en það fyrsta, þriðja kostnaðarþrep 2.000 kr. hærra en annað og svo koll af kolli. Kostnaðarhlutdeild notanda hækkar um sem nemur einu staðgreiðslufargjaldi Strætó fyrir hvert kostnaðarþrep.

Dæmi:

Kostnaður ferðar allt að: 6.595 kr. kostnaðarhlutdeild notanda: 470 kr.

Kostnaður ferðar allt að: 6.596 kr. kostnaðarhlutdeild notanda: 940 kr.

Kostnaður ferðar allt að: 8.596 kr. kostnaðarhlutdeild notanda: 1.410 kr.

³ Samkvæmt gjaldskrá frá 1. okt. 2015 spannar fyrsta kostnaðarþrep allt að: Startgjald 660 kr. + (2 km x 312 kr.) + (23 km x 215 kr.) = 6.229 kr. Sé ferð styttri en 25 km fækkar þeim kílómetrum sem greiddar eru 215 kr. fyrir, t.d. myndi 12 km ferð kosta í heild 660 kr. + (2 km x 312 kr.) + (10 km x 215 kr.) = 3.434 kr. Kostnaðarþátttaka notanda er engu að síður sú sama.

Kostnaðarhlutdeild notanda breytist sjálfkrafa í samræmi við breytingar á fargjöldum Strætó og gjaldskrá leigubílastöðvar.

Tímamörk á niðurgreiðslu þjónustunnar að hálfu Kópavogsbæjar er frá kl. 06:30 til kl. 24:00 alla daga vikunnar.

4. gr.

Notandi skrifar hverja ferð á reikning FB hjá Hreyfli/Bæjarleiðum. Í skráningunni skal koma fram dagsetning og tími ferðar, og með hvern er ekið, og hvert, erindi notanda, þ.e. hvort um er að ræða vinnu/nám, heilbrigðisþjónustu eða einkaerindi.

Notandi þarf að framvísa rafrænu greiðslukorti frá Hreyfli/Bæjarleiðum um rétt hans til þjónustunnar.

Ferð er skilgreind sem akstur frá A til B innan þjónustusvæðis.

5. gr.

Kostnaðarpáttaka notanda er innheimt mánaðarlega og áskilur FB sér rétt til að óska eftir tryggingum frá notanda, sem og að loka á þjónustuna komi til vanskila.

6. gr.

Notandi skal leitast við að nota aðeins þjónustuna þegar aðrar leiðir eru ekki færar. Þá skal hann leitast við að samnýta ferðir með öðrum notendum þegar því verður við komið, svo sem í tengslum við félagsstarf Blindrafélagsins.

7. gr.

Við undirritun samnings þessa heimilar notandi Blindrafélaginu að tilkynna fjölskyldu- og barnamálasviði Hafnarfjarðarkaupstaðar að hann óski ekki lengur ferðapjónustu fatlaðs fólks.

8. gr.

Samningur þessi gildir frá undirritun hans. Báðir samningsaðilar geta sagt honum upp skriflega og tekur uppsögnin gildi einum virkum degi síðar.

9. gr.

Notanda er heimilt að skrifa ferðir utan skilgreindra tímamarka í 3. gr. á FB og greiðir þá ferðina að fullu að frádregnum umsömdu afslætti bifreiðastöðvarinnar.

10. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Rísi mál vegna samnings þessa skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Hafnarfjörður, _____

f.h. Ferðapjónustu Blindrafélagsins

f.h. notanda
